

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
B.t. Eiríks Áka Eggertssonar
Skrifstofa Alþingis við Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/363
komudagur 6.11.2012

Reykjavík 6. nóvember 2012

Varðar: Spurningar við svörum efnahags- og viðskiptanefndar í framhaldi af umsögn STEFs um frumvarp er varðar skattlagningu endurgjalds til höfunda og rétthafa fyrir hvers konar hugverk o.fl.

Vísað er til beiðnar Alþingis frá 3. nóvember þar sem fram eru settar nokkrar spurningar til STEFs í framhaldi af umsögn STEFs um ofangreint frumvarp dags. 25. október 2012.

Sú ályktun sem fram kemur í beiðninni, að það hafi verulega þýðingu fyrir höfunda og rétthafa sem ekki eru í sjálfstæðum rekstri hvort endurgjaldið er skilgreint sem laun eða fjármagnstekjur, er rétt.

Þá er einnig rétt sú ályktun sem fram kemur í beiðninni, að þessi skilgreining skipti minna máli fyrir þá höfunda og rétthafa sem tengjast sjálfstæðum atvinnurekstri þar sem allar tekjur tilheyra sama tekjuskattstofninum. Vert er þó að benda á til skýringar að þetta ætti eingöngu við þegar höfundurinn hefur framselt fjárhagslegan höfundarétt sinn til lögaðila s.s. einkahlutafélags (sem þó getur verið í eigu höfundarins), en ekki ef höfundurinn er með rekstur á sinni eigin kennitölu.

Í þeim tilvikum sem að höfundar tengjast sjálfstæðum atvinnurekstri, sbr. ofangreint, myndi breytingin þó hafa þau áhrif að STEF myndi halda eftir fjármagnstekjuskatti og skila honum til ríkissjóðs, en STEF heldur ekki eftir staðgreiðslu tekjuskatts fyrir slíka aðila í dag.

Þeir höfundar sem hafa kosið að framselja höfundarétt sinn til lögaðila eru oftast þeir höfundar sem hafa lifibrauð af tónlistarsköpun sinni og eru þ.a.l. með umtalsverðan frádráttarbæran kostnað af starfsemi sinni s.s. vegna tónleikaferða og reksturs upptökuvera.

Hér að neðan eru þær tölulegu upplýsingar sem óskað var eftir:

1. Á árinu 2011 úthlutaði STEF til höfunda og annarra rétthafa árið 2011 var kr. 346.602.689.
 - a. Til viðbótar ofangreindri fjárhæð úthlutuðu nokkrir sjóðir STEFs skv. umsóknum kr. 54.353.227. Af þeim greiðslum greiða höfundar einnig tekjuskatt eins og af höfundaréttartekjum sínum.

2. Á árinu 2011 úthlutaði STEF til 1782 höfunda og annarra rétthafa.

- a. Einstaklingar utan rekstrar voru 1483.
- b. Einstaklingar í rekstri (á eigin kennitölu) voru 151.
- c. Lögaðilar 97.
- d. Aðrir (s.s. góðgerðarsamtök og ófrágengin dánarbú) voru 10.
- e. Búsettir hér á landi voru 1741.
- f. Búsettir erlendis voru 41.

Ef nánari upplýsinga er óskað, mun STEF leitast við að afla þeirra, en eins og fram kemur í umsögn STEFs telur STEF mál þetta mjög þýðingarmikið fyrir höfunda hér á landi og myndi þessi breyting fela í sér verulega réttarbót fyrir þennan hóp.

Virðingarfyllst
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri